

Minjastofnun Íslands



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Ársskýrsla 2018



Ljósmynd á forsíðu

Þuríður Elísa Harðardóttir, minjavörður Austurlands, ljósmyndar skipsleifar í Seyðisfirði.

Ljósmynd:

Guðmundur St. Sigurðarson

© 2020

Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Ísland

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Ritstjórn:

Agnes Stefánsdóttir

Ásta Hermannsdóttir

ISSN 2547-6475

Efnisyfirlit

1.	Ávarp forstöðumanns	4
2.	Um stofnunina	6
2.1	Úttekt Ríkisendurskoðunar á stjórnsýslu fornleifaverndar	6
2.2	Mannauðsmál	6
2.2.1	Starfsmannaferðir	7
2.3	Ráðgefandi nefndir og minjaráð	8
2.3.1	Fornminjanefnd	8
2.3.2	Húsafriðunarnefnd	8
3.	Fjármál	10
3.1	Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur	10
3.2	Fornminjasjóður – rekstrarreikningur	11
3.3	Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur	11
3.4	Innviðauppbýgging á ferðamannastöðum	12
4.	Rannsóknir og miðlun	14
4.1	Rannsóknir	14
4.1.1	Gagnasöfn/gagnamengi fornleifarannsókna	15
4.2	Miðlun	16
4.2.1	Skráning menningarminja	16
4.2.2	Útgáfa	16
4.2.3	Menningararfsár Evrópu 2018	16
4.2.4	Ráðstefnur og fundir	17
5.	Inn- og útflutningur menningarminja	18
6.	Umhverfi og skipulag	19
7.	Verndun og friðlýsingar	21
7.1	Úttektir og fundir á sviði húsverndar	21
7.2	Friðlýsingar	21
7.3	Endurskoðun friðlýsingaskrár fornleifa	21
7.4	Verndarsvæði í byggð	21
8.	Samstarfsverkefni	23
8.1	Innlend verkefni	23
8.1.1	Innlend samstarfsverkefni	23
8.1.2	Nefndir	24

8.2	Erlend verkefni	24
9.	Minjasvæðin.....	27
9.1	Reykjavík og nágrenni.....	27
9.2	Reykjanes	28
9.3	Vesturland.....	30
9.4	Vestfirðir	31
9.5	Norðurland vestra	32
9.6	Norðurland eystra	33
9.7	Austurland	34
9.8	Suðurland.....	35
10.	Úthlutanir úr sjóðum	37
10.1	Fornminjasjóður.....	37
10.2	Húsafriðunarsjóður	37
11.	Starfsmenn	39

1. Ávarp forstöðumanns

Þegar forstöðumaður Minjastofnunar Íslands ákvað að læra fornleifafræði hér um árið var það áhugi á uppruna mannsins sem olli námsvalinu. Tilurð jarðarinnar flæktist þar einnig inn. Hér gætti reyndar smá misskilnings hjá ungmenninu, því leita þarf til annarra vísinda, svo sem eðlisfræði, til að komast einhverju nær um uppruna alheimsins, en er ekki bara mannlegt að skjáttast?

Fornleifafræði er fræðigrein sem mjög margir sýna áhuga, bæði sérfræðingar í öðrum greinum og áhugafólk. Minjastofnun er vissulega þakklát fyrir þennan áhuga, sem oft er tilkominn af þeim ævintýraljóma sem fornleifarannsóknir í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum eru sveipaðar. Rannsóknir og varðveisla menningarminja landsins er sérstök fræðigrein á sama hátt og rannsóknir á uppruna alheimsins eða náttúrufræði. Þekking á fornleifafræði og húsvernd byggir á sérhæfðu langskólanámi og þekkingu sem á sér mjög langa sögu. Það er mikilvægt að sýna málaflokknum virðingu í samræmi við það.

Áhugi á fornfræði og sagnfræði hefur alltaf verið stór þáttur í lífi Íslendinga. Þeir voru helstu sagnaritarar Norðurlandanna allt frá því að land byggðist. Þeir voru enn helstu fornfræðingar Norðurlandanna á 15. til 19. öld og leituðu skólamenn og skjalaverðir þess tíma til Íslendinga til að fá svör við ýmsum fornfræðilegum spurningum.

Minjavernd og stofnun forngripasafns var stór þáttur í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. og 20. öld. Forfeður okkar voru hreyknir af fortíðinni og varðveisla og túlkun á menningarminjum var þeim mikilvæg.

Við lifum á breyttum tímum þar sem minjavernd er tengd við þjóðernishyggju og jarðarkringlan öll er leiksvæði núlifandi kynslóða. Menningarminjar sem varðveist hafa á Íslandi segja mjög spennandi sögu og mynda menningarlandslag sem fornleifafræðingar lesa í og túlka. Þær eru vitnisburður um fólkið sem flutti fyrst til landsins og segja okkur til um hvaðan landnámsmennirnir komu. Þær eru til vitnis um þær erlendu þjóðir sem við höfum verslað við í gegnum tíðina og þær þjóðir sem hafa stundað veiðar við Ísland. Þær veita okkur upplýsingar um byggingarlist og hvernig hún hefur þróast í gegnum aldirnar. Þær veita okkur sýn á uppbyggingu verksmíðja og starfsgreina sem liðnar eru undir lok. Þær segja sögu lækninga og ræktun lækninga- og nytjajurta og eru vitnisburður um innrás annarra þjóða; sjóræningja og hermanna, svo örfá dæmi séu tekin um minjarnar sem finnast á Íslandi. Fyrir okkur sem höfum sérhæft okkur í vernd menningarminja er viðfangsefnið gefandi og spennandi. Við viljum gera það áhugavert og skiljanlegt jafnt fyrir landsmenn og gesti sem sækja okkur heim og við horfum bjartsýn fram á veginn með það markmið að leiðarljósi.

Flestar þjóðir láta sig minjar um horfnar kynslóðir varða en þegar kemur að hagræðingu vegna skiptingar fjármagns er minjavarðslan aftarlega í röðinni. Nú á tímum loftslags- og umhverfisverndar hefur minjavarðslan ekki fengið þann stuðning sem nauðsynlegur er til að sinna málaflokknum með sóma. Mikilvæg verkefni sem bent hefur verið á að séu nauðsynleg fá ekki framgang. Þeirra á meðal er kortlagning og mat á öllum minjum landsins, jafnt fornleifum sem og húsum og mannvirkjum. Verkefnið er undirstaða þess að hægt sé að móta stefnu um vernd fornleifa og byggingararfs á Íslandi, og taka ákvarðanir um rannsóknir.



Kristín Huld
Sigurðardóttir
furstöðumaður
Minjastofnunar Íslands.

Árið 2018 var tileinkað menningararfi Evrópu. Markmiðið var að kynna almenningi auðugan og fjölbreyttan menningararf Evrópu og það mikla gildi sem hann hefur fyrir samfélagið. Minjastofnun hafði umsjón með dagskránni sem boðið var upp á hérlandis. Félagasamtök, söfn og menningarstofnanir buðu upp á fjölda viðburða. Meðal þeirra voru átthagagöngur um áhugaverðar slóðir, norræn hátíð um strandminjar með áherslu á síldarvinnslu sem haldin var á Siglufirði, sýningaropnanir víða og smáforrit um minjaslóðir í Reykjavík, sem unnið var í samvinnu Minjastofnunar, Reykjavíkurborgar og Borgarsögusafns. Stofnunin stóð fyrir verkefni grunnskólanema í tilefni af ári menningararfs. Grunnskólanemum var gefinn kostur á að túlka menningarminjar í sínu nærumhverfi á skapandi hátt. Íslenska verkefnið sem verðlaunað var voru þrjár teikningar sem veittu sýn á hvalveiðar Baska á Íslandi. Sérfræðingar í Strassborg völdu íslenska verkefnið sem eitt af tíu bestu verkefnum í Evrópu. Vinningshafinn fékk að launum ferð til Strassborgar og tók þátt í *European Heritage Makers Week* þar sem vinningshafarnir hittust og fengu innsýn í menningu annarra landa.

Í maí var birt úttekt Ríkisendurskoðunar á stjórnsýslu fornleifaverndar á Íslandi. Minjastofnun var gagnrýnd fyrir nokkra þætti sem gera mætti betur, en staðreyndin er einföld: Minjastofnun Íslands hefur aldrei fengið þær fjárveitingar og fjölda starfsmanna sem stofnunin hefur bent á að þurfi til að hún geti sinnt kjarnastarfsemi sinni. Átján duglegir, jákvæðir og framsýnir starfsmenn nægja ekki til að halda uppi minjavörslu á Íslandi.

Vinna sem var nauðsynlegt að ráðast í til að koma til móts við gagnrýni Ríkisendurskoðunar jók enn álagið á starfsfólk Minjastofnunar. Ákveðið var að ráða sérfræðing til að fylgja eftir skilum gripa og gagna úr fornleifarannsóknunum til Þjóðminjasafns Íslands og láta ráðningu nýs minjavarðar á Vestfjörðum bíða. Minjavarsla á Vestfjörðum bættist því við önnur verkefni ofhlaðins starfsfólksins.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið víða í Evrópu sýna að menningararfurinn hefur verulegt hagrænt gildi fyrir samfélagið. Það sama á við hér þar sem ferðamenn hafa alla tíð sýnt sögu og menningu þjóðarinnar verulegan áhuga. Árið 2018 komu yfir 50% erlendra ferðamanna til Íslands vegna áhuga á menningu almennt, þrátt fyrir að lítil áhersla væri lögð á menningu í auglýsingum aðila í ferðaþjónustu.

Fjármagn er forsenda þess að ríkisstofnanir geti sinnt því hlutverki sem þeim er falið að sinna samkvæmt lögum. Hagræðing er ekki alltaf svarið heldur þarf að tryggja eðlilegt fjármagn í samræmi við lögbundið hlutverk og umfang þeirra.



Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

2. Um stofnunina

2.1 Úttekt Ríkisendurskoðunar á stjórnsýslu fornleifaverndar

Í maí 2018 kom út [skýrsla Ríkisendurskoðunar um stjórnsýslu fornleifaverndar](#). Unnið hafði verið að gerð skýrslunnar í tæpt ár og tekur Minjastofnun heils hugar undir ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Í skýrslunni eru settar fram fjórar ábendingar til Minjastofnunar:

- 1. Ljúka þarf heildarstefnumótun um fornleifavernd. Ríkisendurskoðun hvetur Minjastofnun til að ljúka heildarstefnumótun um verndun fornleifa í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar. Stefnuna skal vinna í samstarfi og samráði við aðrar opinberar stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila. Í stefnunni komi fram tímasett markmið, ábyrgðaraðilar og hlutlægir mælikvarðar.*
- 2. Tryggja þarf að áfanga- og lokaskýrslum fornleifarannsókna sé skilað. Minjastofnun Íslands ber að tryggja að leyfishafar skili áfanga- og lokaskýrslum fornleifarannsókna til Þjóðminjasafns Íslands. Enn fremur þarf að tryggja að afrit þeirra berist Minjastofnun. Án slíkra skýrslna öðlast stofnanir á sviði fornleifaverndar ekki þá heildarsýn sem þeim ber að hafa samkvæmt lögum.*
- 3. Rannsóknargögnum og forngrípum sé skilað til Þjóðminjasafns Íslands. Minjastofnun ber að sjá til þess að leyfishafar skili rannsóknargögnum og forngrípum úr fornleifarannsóknum og tryggja að slíkir munir skili sér til Þjóðminjasafns Íslands. Mikilvægt er að stofnanirnar eigi gott samráð og samstarf um þetta.*
- 4. Samræma þarf verklag og reglur um veitingu leyfa til fornleifarannsókna. Ríkisendurskoðun hvetur Minjastofnun að samræma verklag sitt og núgildandi reglur nr. 339/2013 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér. Minjastofnun og Þjóðminjasafn greinir á um getu safnsins til að taka á móti gripum og gögnum. Óheppilegt er að misræmi sé milli verklags stofnunarinnar og reglna þegar litið er til krafna um skýrsluskil leyfishafa.*

Að auki eru settar fram ábendingar til fornminjanefndar (sjá [kafla 2.3.1](#)), Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Þjóðminjasafns Íslands.

2.2 Mannauðsmál

Þann 1. mars lét Einar Ísaksson, minjavörður Vestfjarða, af störfum hjá stofnuninni. Staða minjavarðar Vestfjarða var ekki auglýst laus til umsóknar á árinu 2018 vegna fjárskorts, en verkefnum á svæðinu var sinnt af minjavörðum á aðliggjandi svæðum.

Í október hófu störf hjá stofnuninni þær Inga Sóley Kristjónudóttir, fornleifafræðingur, og Sólrún Inga Traustadóttir, fornleifafræðingur. Eru þær

ráðnar inn tímabundið til að sinna skilgreindum verkefnum, s.s. eftirfylgni með skilum á gögnum og gripum úr fornleifarannsóknum.

2.2.1 Starfsmannaferðir

Dagana 17.–19. september fór starfsfólk Minjastofnunar í vinnuferð í Þjórsárdal. Fyrsta daginn var keyrt inn í Hólaskóg, upp að Háafossi, niður að Gjá og endað við Leppa áður en farið var í náttstað á Leirubakka. Annan daginn var unnið að ýmsum lagfæringum og úrbótum á Stöng í Þjórsárdal. Rústir fjóss og smiðju voru hreinsaðar, báshellur reistar við og rústirnar girtar af með köðlum til að varna því að fólk gangi yfir vegg þeirra. Skilti var sett upp við upphaf göngustígs, ástand veggja bæjarrústarinnar var kannað auk annarra verka. Þriðja daginn var svo fundað á Leirubakka áður en haldið var heim á leið.



Fjósrústin var hreinsuð, báshellur reistar við og minjarnar girtar af með köðlum til að loka fyrir villustíga sem orðið hafa til við umferð fólks yfir vegg fjóssins.

Dagana 4.–6. apríl 2018 tóku átta starfsmenn Minjastofnunar þátt í námskeiðinu „Torf- og grjóthleðslur á ferðamannastöðum“ sem haldið var á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Ölfusi í samstarfi við ASCENT-verkefni Landgræðslu ríkisins. Kennarar á námskeiðinu voru hleðslumeistararnir Guðjón Kristinsson og Gunnar Óli Guðjónsson, Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Örn Þór Halldórsson arkitekt hjá Landgræðslunni. Í fyrirlestrum þeirra var fjallað um hönnun og viðhald ferðamannastaða með náttúrulegum efnum úr nærumhverfinu og handverksþekkingu fortíðar en einnig um stefnumótun við uppbyggingu ferðamannastaða út frá sjónarmiðum um aðgengi og upplifun, náttúruvernd og minjavörslu. Stór hluti námskeiðsins var verklegur og reyndi þá bæði á líkamlegan styrk þátttakenda og skapandi hugsun.

2.3 Ráðgefandi nefndir og minjaráð

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda; fornminjanefndar og húsafríðunarnefndar og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði mönnuðum hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Upplýsingar um minjaráðin má finna [undir hverju minjasvæði á heimasíðu Minjastofnunar](#). Þar má einnig finna fundargerðir minjaráðsfunda.

2.3.1 Fornminjanefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn. Lista yfir þá má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#). Sú breyting varð á skipun nefndarinnar á árinu að Magnús Karel Hannesson, skipaður af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, baðst lausnar og tók varamaður hans, Anna Guðrún Björnsdóttir, við sem aðalmaður í kjölfarið. Varamaður hennar var skipaður Valur Rafn Halldórsson.

Haldnir voru fimm fundir í fornminjanefnd á árinu. Auk þeirra voru tveir vinnufundir vegna úthlutana úr fornminjasjóði 19. og 20. febrúar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnarsýslu fornleifaverndar (sjá [kafla 2.1](#)) var ein ábending til fornminjanefndar:

Endurskoða þarf úthlutunarreglur fornminjasjóðs. Fornminjanefnd er hvött til að endurskoða úthlutunarreglur fornminjasjóðs og móta honum markvissari úthlutunarstefnu. Að mati Ríkisendurskoðunar eru núgildandi reglur of almennt orðaðar og færi betur að skilgreina með skýrari hætti vísinda- og fræðilegt hlutverk sjóðsins. (bls. 8)

2.3.2 Húsafríðunarnefnd

Í nefndinni sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn. Lista yfir nefndarmenn má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

Haldnir voru átta fundir í húsafríðunarnefnd á árinu og fór nefndin í tvær vettvangsferðir:

Dagana 3.–5. september 2018 fóru fulltrúar Minjastofnunar og húsafríðunarnefnd í vettvangsferð um norðanverða Vestfirði. Meðal viðkomustaða voru Bifröst í Borgarfirði, Ögur og Litlibær við Ísafjarðardjúp, fyrirhugað verndarsvæði í byggð á Eyrinni á Ísafirði, Skrúður, íbúðarhús og héraðsskóli að Núpi í Dýrafirði, auk friðaðra húsa á Suðureyri, Flateyri, Bolungarvík og Þingeyri. Fundað var með bæjarstjóra, bæjarfulltrúum og embættismönnum Ísafjarðarbæjar.

Þann 11. desember 2018 fóru fulltrúar Minjastofnunar og húsafríðunarnefnd í vettvangsferð í Reykjavík. Skoðuð var sýning á tillögum í samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið í Safnahúsinu við Hverfisgötu og framkvæmdir við endurgerð innviða skólahúss Menntaskólans í Reykjavík og Íþöku, bókhöðu M.R. undir leiðsögn Elísabetar Zimsen rektors og Stefáns Arnar Stefánssonar arkitekts.



*Húsafriðunarnefnd
og starfsfólk
Minjastofnunar við
Ögur í
Ísafjarðardjúpi.*

3. Fjármál

3.1 Minjastofnun Íslands – rekstrarreikningur

Rekstrarafkoma Minjastofnunar Íslands árið 2018 var neikvæð um kr. 10.472.150. Höfuðstóll í ársbyrjun 2018, sem fluttur var frá fyrra ári, var kr. 13.853.231. Höfuðstóll eigin fjár (ónýtt fjárheimild) var því í árslok 2018 kr. 3.381.081. Var sú fjárhæð flutt yfir á árið 2019 til að mæta kostnaði sem hlytist árið 2019 af verkefnum sem hafin voru á árinu 2018 og var ólokið í árslok 2018.

Innifalið í tekjufærslu fjárveitinga er sérstakt framlag, kr. 25.000.000, vegna styrks til viðgerða á Kvennaskólanum á Blönduósi samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Framlag til reksturs Minjastofnunar var því kr. 225.400.000. Styrkurinn til Kvennaskólans er gjaldfærður undir liðnum framlög og tilfærslur.

Liðurinn framlög og ýmsar tekjur inniheldur tekjufærða styrki sem Minjastofnun fékk til verkefna er varða uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum um land allt. Kostnaður vegna verkefnanna er gjaldfærður undir liðnum annar rekstrarkostnaður. Framlög og ýmsar tekjur inniheldur einnig endurgreiðslur á ferðakostnaði vegna evrópskra samstarfsverkefna.

Rekstrarreikningur 2018		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		250.400.000
Framlög og ýmsar tekjur		5.267.518
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		7.906.069
	Tekjur samtals	263.573.587
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		177.276.073
Framlög og tilfærslur		25.053.531
Annar rekstrarkostnaður		63.744.039
Afskriftir		7.906.069
	Gjöld samtals	273.979.712
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	-10.406.125
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		-66.025
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	-66.025
	Afkoma ársins	-10.472.150
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		13.853.231
Afkoma ársins		-10.472.150
Höfuðstóll í árslok		3.381.081

3.2 Fornminjasjóður – rekstrarreikningur

Höfuðstóll fornminjasjóðs, sem fluttur var frá árinu 2017, var í ársbyrjun 2018 kr. 6.257.062. Afkoma sjóðsins á árinu 2018 var neikvæð um kr. 2.164.191. Höfuðstóll eigin fjár (ónýtt fjárheimild) í árslok 2018 var því kr. 4.092.871. Var hann fluttur yfir á árið 2019. Sjá nánar kaflann Fornminjasjóður á bls. 37.

Rekstrarreikningur 2018		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		45.300.000
	Tekjur samtals	45.300.000
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		1.630.911
Framlög og tilfærslur		45.670.000
Annar rekstrarkostnaður		163.207
	Gjöld samtals	47.464.118
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	-2.164.118
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		-73
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	-73
	Afkoma ársins	-2.164.191
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		6.257.062
Afkoma ársins		-2.164.191
Höfuðstóll í árslok		4.092.871

3.3 Húsafriðunarsjóður – rekstrarreikningur

Ársreikningur húsafriðunarsjóðs árið 2018 sýnir neikvæða afkomu um kr. 91.946.988. Hann sýnir einnig neikvæðan höfuðstól í upphafi árs, kr. 29.683.199, og í árslok 2018 kr. 121.630.187. Á sama tíma eru ónýttar fjárveitingar til fjárfestinga í árslok 2018 kr. 173.400.000.

Í fjárlögum 2017 og 2018 var gerð sú breyting á fjárveitingum til sjóðsins frá fyrri árum að hluti af fjárheimildum hans var færður af framlagi til rekstrar á framlag til fjárfestinga. Sjóðurinn er hins vegar ekki í fjárfestingum heldur úthlutar styrkjum til verkefna og hefur kostnað af starfsemi húsafriðunarnefndar.

Gerðar voru athugasemdir við þessa meðhöndlun fjárheimilda og var gerð breyting á þeim fyrir árið 2019 til fyrra forms og leiðrétting vegna 2017 og 2018 framkvæmd á árinu 2019.

Neikvæð eiginfjárstaða sjóðsins í árslok 2018 mun eftir leiðréttingu á árinu 2019 verða í ársbyrjun 2019 jákvæð um kr. 51,8 milljónir. Höfuðstóll sjóðsins er fluttur óskertur á milli ára.


Undir liðnum framlög og ýmsar tekjur er framlag sveitarfélaga sem greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sjá nánar kaflann Húsafriðunarsjóður á bls. 37.

Rekstrarreikningur 2018		
Húsafriðunarsjóður		
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga		204.500.000
Framlög og ýmsar tekjur		52.287.000
	Tekjur samtals	256.787.000
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		2.300.216
Framlög og tilfærslur		333.447.772
Annar rekstrarkostnaður		12.982.367
	Gjöld samtals	348.730.355
	Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	-91.943.355
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		-3.633
	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	-3.633
	Afkoma ársins	-91.946.988
Eigið fé		
Höfuðstóll í upphafi árs		-29.683.199
Afkoma ársins		-91.946.988
Höfuðstóll í árslok		-121.630.187
Ónýtt fjárveiting til fjárfestinga		173.400.000
Höfuðstóll í árslok með fjárveitingu til fjárfestinga		51.769.813

3.4 Innviðauppygging á ferðamannastöðum

Sú breyting hefur orðið á verkefnum tengdum innviðauppyggingu hjá Minjastofnun að stofnunin sækir ekki lengur fé í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Árið 2018 var í fyrsta sinn úthlutað fé í gegnum Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum – Verkefnaáætlun 2018–2020. Fékk Minjastofnun þar fjármagn til að vinna verkefni á þrettán stöðum og dreifast þau um allt land.




*Framkvæmdir við
Rútshelli undir
Eyjafjöllum voru
kláraðar á árinu með
styrk af Stefnumarkandi
landsáætlun um
uppbyggingu innviða.*

4. Rannsóknir og miðlun

4.1 Rannsóknir


Útgefin voru 63 leyfi til fornleifarannsóknna á árinu 2018. Þetta er svipaður fjöldi og verið hefur undanfarin ár, en leyfin voru 61 árið 2017 og 57 árið 2016. Hætt var við rannsóknir á tveimur stöðum þannig að fjöldi fornleifauppgrafa var 61. Minjastofnun flokkar rannsóknirnar eftir ástæðu uppgrافتar. Flokkarnir eru; björgunarrannsókn, framkvæmdarannsókn, framkvæmdaeftirlit, könnunar-rannsókn (forkönnun) og vísindarannsókn. Skilgreiningu þessara flokka má sjá á [heimasíðu stofnunarinnar](#).

Meirihluti rannsóknarleyfa árið 2018 eru vísindarannsóknir, eins og yfirleitt hefur verið. Að þessu leyti sker Ísland sig úr gagnvart nágrannalöndunum, en þar er yfirgnæfandi hluti rannsókna tilkominn vegna framkvæmda.



Ef skipting rannsókna á milli minjasvæða er skoðuð kemur í ljós að flestar rannsóknirnar eru á Vestfjörðum. Níu af 14 rannsóknum þar eru vísindarannsóknir. Þessi fjöldi skýrist aðallega af tveimur rannsóknarverkefnum sem ná yfir marga staði.

Eins og gefur að skilja eru flestar framkvæmdatengdar rannsóknir í Reykjavík og nágrenni. Að öðru leyti dreifast rannsóknir nokkuð jafnt um landið.



Lista yfir veitt leyfi má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

4.1.1 Gagnasöfn/gagnamengi fornleifarannsóknna

Á árinu 2018 hófst áttak í eftirfylgni með skilum á gagnasöfnum úr fornleifarannsóknum. Gagnasöfn eða gagnamengi úr fornleifarannsóknum samanstanda af öllum þeim gögnum og efni er verður til við fornleifarannsókn. Það geta verið gripir, sýni, ljósmyndir, teikningar, mælingagögn, jarðlagalýsingar og ýmsar skýrslur og skrár svo eitthvað sé nefnt. Fornleifarannsókn er ekki lokið fyrr en gagnasafnið hefur verið flutt í viðurkennda safngeymslu og er að fullu aðgengilegt til skoðunar. Skyld er að skila öllum gagnasöfnum til Þjóðminjasafns Íslands til varðveislu, 5 árum eftir að vettvangsrannsókn lýkur. Einnig skal afhenda Minjastofnun Íslands skýrslur og annað útgefið efni er varða fornleifarannsóknir. Í október 2018 hófst verkefni hjá stofnuninni sem snýr að því að fara yfir skráningamál varðandi skil á gagnasöfnum úr fornleifarannsóknum frá árunum 1990 til 2018 og óska eftir þeim gagnasöfnum sem ekki hefur verið skilað inn. Lokið hefur verið að kalla eftir gagnasöfnum úr rannsóknum frá árunum 1990-2001 og yfirferð fyrir árin 2002-2012 er komin vel á veg. Verkefnastjóri er Sólrún Inga Traustadóttir og er verkefnið unnið í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, þar sem tengiliðir hennar eru Ármann Guðmundsson og Hrönn Konráðsdóttir, sérfræðingar fornminja.

4.2 Miðlun

Starfsmenn Minjastofnunar skrifuðu sem fyrr greinar í innlend og erlend tímarit og bækur, héldu fyrirlestra og kenndu á ýmsum námskeiðum. Lista yfir fyrirlestra, greinar og slíkt má finna undir Gagnasafn á heimasíðu Minjastofnunar.

4.2.1 Skráning menningarminja

Segja má að skil gagna úr fornleifaskráningu séu nú komin í ágætis farveg, en Minjastofnun bærust alls 78 fornleifaskráningarskýrslur sem útgefnar voru á árinu. Af þeim verkefnum hefur landupplýsingagögnum verið skilað úr 68, en gögn úr 10 verkefnum þörfuðust frekari úrvinnslu og voru flest væntanleg á vordögum 2019.

Unnið var áfram að þróun Minjavefsjár Minjastofnunar sem undir lok árs innihélt upplýsingar um 9205 fornleifar. Hófst vinna við lagfæringar á húsagrunni Minjastofnunar, með það fyrir augum að hægt verði að birta gögn yfir aldursfriðuð hús á vefsíðunni, en eins og staðan er nú er eingöngu hægt að sjá þar upplýsingar um friðlýst hús. Sambærileg vinna hófst við gagnagrunn Minjastofnunar yfir fornleifarannsóknir með það fyrir augum að birta staðsetningu þeirra á vefsíðunni, ásamt helstu grunnupplýsingum. Eru líkur á að þessari vinnu muni ljúka á fyrri hluta árs 2019.

Fjöldi skrásetjara húsa og mannvirkja tók í notkun skráningarform það sem Minjastofnun gerir að skilyrði að sé notað í tengslum við skipulagsvinnu sveitarfélaga til að skráningin fullnægi þeim kröfum sem Minjastofnun setur og kveðið er á um í 15. og 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Jafnframt tók stofnunin á móti skráningargögnum víðs vegar að af landinu og hóf vinnu við að samræma gagnagrunn stofnunarinnar við skráningarformið. Gagnagrunnurinn stækkar jafnt og þétt og í lok ársins var að finna í honum upplýsingar um rúmlega 4000 hús og mannvirki ásamt aragrúa ljósmynda.

4.2.2 Útgáfa

Minjastofnun gaf út níu rafræn fréttabréf á árinu. Áskrifendur að fréttabréfinu eru rúmlega 400 talsins, einstaklingar sem og stofnanir/fyrirtæki.

Á árinu komu einnig út yfirlit yfir fornleifarannsóknir sem höfðu jarðrask í för með sér árið 2016 og 2017.

4.2.3 Menningararfsár Evrópu 2018

Þann 7. desember 2018 var haldin í Vínarborg í Austurríki lokahátíð Menningararfsárs Evrópu sem Evrópusambandið og Evrópuráðið stóðu að. Ísland tók þátt í Menningararfsárinu og voru haldnir af því tilefni 27 glæsilegir viðburðir um allt land. Að viðburðunum stóðu söfn, stofnanir og samtök, áhugafólk og fagaðilar, og eiga allir sem að þeim komu heiður skilinn. Tilgangur Menningararfsársins var að vekja athygli á og fagna fjölbreyttum menningararfi Evrópu, sem stendur traustum fótum í byggingarlist, fornleifum

og fornum ritum en er þó í senn bráðlifandi nú á dögum allt umhverfis okkur, m.a. í listum og nýsköpun. Þetta endurspeglast í einkunnarorðum ársins: Menningararfurinn, forn og nýr í senn. Menningararfsárinu var ætlað að auka gildi menningararfsins fyrir einstaklinga og samfélög; að kynna auðugan og fjölbreyttan menningararf Evrópu og hvetja fólk til að ígrunda þann sess sem menningararfur hefur í lífi okkar allra og hvað við getum gert til verndunar hans. Menningararfleifð okkar treystir bönd Evrópuþjóða með sameiginlegri sögu og gildum. Hún ber einnig vott um ríkar og fjölbreyttar menningarhefðir. Sameiginlegum menningarafi okkar ber að hampa, skilja og viðhalda. Þó er menningararfurinn ekki aðeins arfleifð úr fortíðinni því hann greiðir einnig leiðina fram á við og mótar framtíðina.

4.2.4 Ráðstefnur og fundir

Ársfundur Minjastofnunar var haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík miðvikudaginn 28. nóvember. Meginefni fundarins var: Vernd jarðfastra menningarminja - Hvað getum við gert betur til að tryggja vernd jarðfastra menningarminja (fornleifa, húsa og mannvirkja)? Sex aðilar utan stofnunar héldu erindi á ársfundinum og fjölluðu þau öll um tengsl viðkomandi stofnana/aðila við Minjastofnun Íslands, lög um menningarminjar og þá snertifleti, sameiginleg verkefni og áskoranir sem til staðar eru. Í kjölfar erindanna voru pallborðsumræður þar sem fulltrúar frá Minjastofnun Íslands, Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga ræddu málín.


Veitt var minjaverndarviðurkenning sem að þessu sinni féll í hlut landeigenda á Láganúpi og í Kollsvík, bræðrunum Valdimari, Guðbjarti, Hilmari, Agli og Kára Össurasonum. Viðurkenningin var veitt fyrir metnaðarfullt grasrótastarf við varðveislu og miðlun menningararfs í Kollsvík. Þetta er í þriðja sinn sem slík viðurkenning er veitt í tengslum við ársfund stofnunarinnar.



*Kristín Huld
Sigurðardóttir,
forstöðumaður
Minjastofnunar, afhendir
Valdimari Össurarsyni,
einum landeigenda á
Láganúpi og í Kollsvík,
minjaverndar-
viðurkenningu ársins
2018.*

5. Inn- og útflutningur menningarminja

Alls bárust 18 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarminja árið 2018. Eitt leyfi var veitt til tímabundins útflutnings gripa og sýna úr fornleifauppgröftum til rannsókna erlendis. Sex leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings til sýningar erlendis. 11 leyfi voru veitt til endanlegs útflutnings menningarminja, þar af 8 leyfi til útflutnings sýna til eyðandi greiningar og 3 til útflutnings menningarminja í söluskyni. Hvert leyfi getur átt við fleiri en einn grip/sýni. Nánari upplýsingar um skilyrði leyfa og umsóknareyðublöð má finna á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#).




Auk þess að fjalla um útflutning menningarminja skv. 44.-50. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 annast Minjastofnun Íslands framkvæmd laga um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011. Tilgangur þeirra er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náðið samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig málið varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis, sé kunnugt um þá. Skulu lögreglufyrirvöld aðstoða við þá leit ef þörf er á. Tollyfirvöld eiga einnig tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins.


6. Umhverfi og skipulag

Eitt af mikilvægustu verkefnum Minjastofnunar Íslands er eftirlits- og umsagnarhlutverk stofnunarinnar varðandi ýmiss konar framkvæmdir. Eru þær allt frá breytingum á friðuðum og friðlýstum húsum að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga.


Í ár er gerð sú nýbreytni við talningu mála að tölur um fjölda þeirra er tekin beint úr út GoPro, skjalavistunarkerfi stofnunarinnar. Þýðir þessi breyting að ekki er hægt að bera beint saman tölur þessa árs og fyrri ára þar sem fjöldi mála endurspeglar ekki beint fjölda umsagna, en tölur fyrri ára byggja á fjölda þeirra. Innan hvers máls geta verið fleiri en ein umsögn, t.d. ef gerðar eru athugasemdir við skipulag og þess óskað að fá málið aftur inn til umsagnar eftir að tekið hefur verið tillit til fyrri athugasemda. Einnig hafa fram að þessu verið taldar þær umsagnir sem veittar hafa verið á árinu, burtséð frá því hvort málið var skráð á fyrra ári eða sama ári. Nú verða eingöngu talin mál sem stofnuð eru á því ári sem til umfjöllunar er hverju sinni.



Mat á umhverfisáhrifum



Byggingararfur - breytingar, flutningur, niðurrif



7. Verndun og friðlýsingar

7.1 Úttektir og fundir á sviði húsverndar

Farnar voru nokkrar vettvangsferðir um land allt til að kanna ástand og/eða gera úttektir á framkvæmdum á friðuðum og friðlýstum húsum og mannvirkjum á árinu. Til að nefna örfá dæmi var farin vettvangsferð að Stóra-Núpi í febrúar vegna málunar kirkjunnar að innan, fundað var með bæjarstjóra Bolungarvíkur í mars vegna hugmynda um endurbætur á Aðalstræti 16 eftir skemmdarverk og fundað var í ágúst í Skálholti vegna brunavarna í Skálholtskirkju. Í júní var farin ferð um Akureyri, Hörgárdal og Ólafsfjörð þar sem skoðuð voru ýmis hús og einnig var í júlí farin víðfeðm ferð um Austurland, þar sem ferðast var allt frá Jökuldal niður á Djúpavog. Einnig ber að nefna að starfsmenn stofnunarinnar voru viðstaddir þegar niðurstöður rannsóknar Þorsteins Gunnarssonar og ARGOS-arkitekta á innviðum Bessastaðakirkju voru kynntar forseta Íslands á Bessastöðum í mars, en það verkefni var unnið fyrir Minjastofnun Íslands.

7.2 Friðlýsingar

Að tillögu Minjastofnunar Íslands friðlýsti mennta- og menningarmálaráðherra eftirtalin hús á árinu 2018:

Ljósastarahús við Urð, Suðurnesi Seltjarnarness: Friðlýsing tekur til hins steinsteypta mannvirkis í heild og hlaðins sökkuls umhverfis það.

7.3 Endurskoðun friðlýsingaskrár fornleifa

Alls eru 855 friðlýstir minjastaðir á skrá yfir friðlýstar fornleifar. Áður var talið að þeir væru 852, en þrír staðir bættust við skrána á árinu við nánari skoðun gagna. Unnið hefur verið að endurskoðun skrárinnar undanfarin ár, en liður í því hefur verið að skrá og mæla upp alla minjastaðina á vettvangi. Er verkefnið nokkuð langt á veg komið og hafa nú verið skráðir 759 minjastaðir.

7.4 Verndarsvæði í byggð

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis er jafnframt verkefnastjóri verndarsvæða í byggð. Hann hélt nokkra fundi á árinu með umsjónarmönnum og ráðgjöfum sem vinna að tillögum að verndarsvæði í byggð.

Veittir voru styrkir úr húsafriðunarsjóði til undirbúnings fjögurra tillagna að verndarsvæði í byggð, sjá kafla [10.2 – Húsafriðunarsjóður](#).

Þrjú sveitarfélög sendu mennta- og menningarmálaráðherra tillögur að verndarsvæði í byggð og veitti Minjastofnun ráðherra umsagnir um þær. Um var að ræða Gamla bæinn á Blönduósi, Borðeyri í Húnavatnshreppi og Þormóðseyri á Siglufirði.

Ráðherra staðfesti tvær síðarnefndu tillögurnar en frestaði staðfestingu tillögu Blönduósbæjar.



*Ljósastarahúsið við
Urð á Seltjarnarnesi,
sem friðlýst var á
árinu.*

8. Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkur þeirra.

8.1 Innlend verkefni

8.1.1 Innlend samstarfsverkefni

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns og *Iðunnar fræðsluseturs*. Veitt er ókeypis ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns þar fyrir svörum.

Í október 2018 komu út þrjú bindi í ritröðinni *Kirkjur Íslands*, nr. 29, 30 og 31 og lauk þar með þessu viðamikla verki þar sem fjallað er um allar friðlýstar kirkjur á landinu, 216 að tölu. Hverri kirkju eru gerð ítarleg skil í máli og myndum, þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningar-mörkum.

Í bindum 29 og 30 er fjallað um Skálholtsdómkirkju annars vegar og Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd hins vegar, en þessar kirkjur voru friðlýstar eftir að bækur um viðkomandi prófastsdæmi komu út.

Höfundar 29. bindis um Skálholtsdómkirkju eru Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður og nú fræðimaður hjá Þjóðminjasafni Íslands, Pétur H. Ármannsson arkitekt, listfræðingarnir Guðbjörg Kristjánsdóttir og Ásdís Ólafsdóttir, Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs og Guðlaug Vilbogaðóttir, sérfræðingur á Minjastofnun Íslands.

Bókin er prýdd fjölda ljósmynda, sem þeir Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns og Guðmundur Ingólfsson, Ímynd, hafa tekið, og uppdráttum að Skálholtsdómkirkju eftir Hörð Bjarnason, Magnus Poulsson og Sigurð Guðmundsson, sem veita skýra innsýn í mótunarsögu kirkjunnar og tilurð. Þá eru birtar teikningar erlendra listamanna af eldri kirkjum staðarins og kirkjugripum, að ógleymdum kortum af Skálholtsstað, bæði gömlum og nýjum.

Efni í 30. bindi um Hallgrímskirkju í Saurbæ er eftir þau Björk Ingimundardóttir skjalavörð, Pétur H. Ármannsson arkitekt, Lilju Árnadóttur, sviðsstjóra munasafns Þjóðminjasafns, Guðmund Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs og Guðlaugu Vilbogaðóttur, sérfræðing á Minjastofnun Íslands.

Fjöldi ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, prýða bókina ásamt uppdráttum að Hallgrímskirkju í Saurbæ, sumum eftir Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins, öðrum eftir Sigurð Guðmundsson arkitekt, ýmist einan eða í samvinnu við Eirík Einarsson arkitekt.

Lokabindi verksins er það 31. í röðinni. Það er í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum eru þrjár yfirlitsgreinar um íslenskar kirkjubyggingar, steinhlaðnar kirkjur, torf- og timburkirkjur og steinsteypukirkjur. Í seinni hlutanum eru skrár sem taka til allra binda ritverksins, 1-31, skrá um hagleiksfólk, sem kom að byggingu friðaðra kirkna eða á gripi í þeim. Því næst eru þrjár samfelldar skrár um 1) höfunda, 2)

*Húsverndarstofa er í
Kjöthúsinu á
Árbæjarsafni
(opnunartíma má sjá
á heimasíðum
Árbæjarsafns og
Minjastofnunar
Íslands).*

ljósmyndara, 3) húsameistara, teiknara og mælingamenn. Aftan við skrárnar eru leiðréttingar og viðbætur, sem flestar hafa birst áður en er nú safnað saman í einn bálk. Aftast eru orðskýringar með nokkrum skýringarmyndum.

Að útgáfunni standa Minjastofnun Íslands, Biskupsstofa og Þjóðminjasafn Íslands. Nánari upplýsingar um verkefnið og útgefin bindi má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

8.1.2 Nefndir

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, Breiðafjarðarnefnd og ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

- Forstöðumaður er fulltrúi stofnunarinnar í kirkjugarðaráði og í ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þar sem minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, er varamaður.
- Minjavörður Vesturlands er fulltrúi stofnunarinnar í Breiðafjarðarnefnd og er Agnes Stefánsdóttir varamaður. Sat minjavörðurinn sex fundi á árinu í nefndinni auk þess sem nefndin fundaði með umhverfis- og auðlindaráðherra í Flókalundi samhliða vettvangsferð nefndarinnar í ágúst 2018.

8.2 Erlend verkefni

Minjastofnun Íslands á fulltrúa í stjórn *EAC – European Archaeological Council*, samtökum evrópskra stjórnsýslustofnana sem bera ábyrgð á fornleifaarfinum. Stjórnarfundir eru haldnir þrisvar sinnum á ári auk aðalfundar og ráðstefnu einu sinni á ári. Aðalfundurinn var haldinn í Sofíu í Búlgaríu 21.–24. mars. Á fundinum tók Þór Hjaltalín við af Agnesi Stefánsdóttur sem fulltrúi Íslands í stjórn samtakanna. Í framhaldi af aðalfundi var árleg ráðstefna EAC. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var „Development-led Archaeology in Europe. Meeting the needs of Archaeologists, Developers and the Public“. Agnes Stefánsdóttir hélt utan um skipulagningu ráðstefnunnar að þessu sinni og var það síðasta verkefni hennar sem stjórnarmaður í EAC.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi *forstöðumanna minjastofnana Norðurlanda (Nordic Heritage Heads Forum, NHHF)* – áður fundir þjóðminjavarða Norðurlanda – og fundi *forstöðumanna minjastofnana Evrópu (European Heritage Heads Forum, EHHF)*.

Ársfundur forstöðumanna minjastofnana á Norðurlöndum (NHHF) var haldinn í Mývatnssveit 22.–24. ágúst. Fundirnir eru haldnir til skiptis á hverju Norðurlandanna og mættu fulltrúar allra nema Grænlands að þessu sinni. Um er að ræða lokaðan vinnufund forstöðumanna sem fara með stjórnsýslu þessara málaflokka. Aðalumræðuefni fundarins var aðgengi og nýting menningarminja og menningarlandslags. Einnig var rætt um umsjón og varðveislu kirkna og kirkjugarða. Farið var í skoðunarferð um Mývatnssveit.

Dagana 16.–18. maí 2018 var haldinn ársfundur/ráðstefna forstöðumanna minjastofnana í Evrópu (EHHF) í Neumünster-klaustrinu í Lúxemborg. EHHF er net forstöðumanna sem sinna stjórnsýslu minjamála í sínu heimalandi og mynda fulltrúar 30 Evrópulanda netið. Markmiðið er að skiptast á reynslu og

samræma vinnubrögð í minjavörslu í Evrópu innan þess ramma sem lög hvers lands heimila. Aðalumræðuefni fundarins að þessu sinni var endurnýting mannvirkja og hvernig hægt er að aðlaga notkun menningarminja að nútíma-samfélagi.



*Fundur
forstöðumanna
minjastofnana í
Evrópu (EHHF) var
haldinn í Lúxemborg
í maí.
Forstöðumennirnir
heimsóttu meðal
annars Le Fonds
Belval, the City of
Science, Research
and Innovation.*

Samráðsfundur starfsmanna minjastofnana Norðurlanda var haldinn á Íslandi 15.–16. október. Umræðuefni fundarins var utanaðkomandi áhrif á fornleifar/menningarminjar svo sem vegna náttúruvár og ferðamennsku.

Minjastofnun Íslands tók árið 2018 þátt í *Evrópsku menningarminjadögunum (European Heritage Days - EHD)* sem eru haldnir ár hvert í þeim 50 löndum sem eiga aðild að Menningarsáttmála Evrópu. Menningarminjadagarnir voru í þetta sinn tengdir Evrópska menningararfsárinu og dreifðust viðburðirnir því yfir árið. Viðburðirnir voru af ýmsum toga, hringinn í kringum landið, og tengdust allir á einn eða annan hátt mannlífi, náttúru og sögu fyrri tíma hérlandis. Allir viðburðirnir áttu það sameiginlegt að vera í höndum fyrirmyndaraðila sem starfa með menningarminjar og hljóp fjöldi gesta á hundruðum. Menningarminjakeppni grunnskóla var haldin í fyrsta skipti hérlandis, einnig sem hluti menningararfsársins. Nemandi við Grunnskóla Drangsness, Magnús Hugufrún Valgeirsdóttir, sigraði og var verkefni hennar sent áfram til Evrópu í keppni undir hatti EHD sem nefnist European Heritage Makers Week. Þar bar íslenska verkefnið einnig sigur úr býtum og hlaut nemandinn að launum ferð til Strassborgar ásamt fjölskyldu sinni.

Minjastofnun á fulltrúa í *European Heritage Legal Forum (EHLF)*, sem er vinnuhópur EHHF, og sótti hann ársfund EHLF í Berlín, en fundurinn var að þessu sinni hluti European Cultural Heritage Summit sem fór fram í borginni dagana 18.–24. júní.

Minjastofnun Íslands tekur þátt í tveimur NPA-verkefnum sem hófust árið 2017. Annars vegar er það ANH (Aðlögun menningararfs á Norðurslóðum að loftslagsbreytingum) og hins vegar CINE (Tenging náttúru og menningarminja í umhverfi Norðurslóða).

ANH-verkefnið: Á árinu var unnið að leiðbeiningariti um gerð ástands- og hættumats fyrir minjastaði í samhengi við loftslagsbreytingar. Prófunarstaðirnir tveir á Íslandi, Öndverðarnes á Snæfellsnesi og Skaftártunga, voru heimsóttir af starfsmönnum stofnunarinnar og voru drög að leiðbeiningaritinu prófuð á vettvangi. Nokkur erindi voru flutt og verkefnið kynnt m.a. fyrir minjaráði Austurlands í febrúar og á opnum fyrirlestrum á Kirkjubæjarstofu í apríl, Gestastofu Snæfellsjökulsþjóðgarðs á Malarriði í október sem og á alþjóðlegri ráðstefnu í Hörpu í september. Fulltrúi Minjastofnunar sótti vinnufund í Longyearbyen á Svalbarða og Ballinskelligs á Írlandi í ágúst. Þá var haldinn fundur allra aðildarfélaga í Reykjavík í byrjun október þar sem mættu fulltrúar frá sjö löndum. Reynslan af leiðbeiningaritinu var rædd sem og næstu skref í verkefninu, sem m.a. er vinnsla leiðbeiningarits um gerð viðbragðsáætlana fyrir minjastaði til aðlögunar að loftslagsbreytingum. Verkefninu lýkur um mitt ár 2020 og verður lokaráðstefna haldin í Edinborg í maí sama ár. Í framhaldinu verða leiðbeiningarit og eyðublöð gerð aðgengileg almenningi á netinu.

Starfsmenn Minjastofnunar sóttu tvo fundi í Skotlandi á árinu vegna CINE-verkefnisins, en auk þess var haldin námsstefna í Reykjavík, *Leikum okkur með menningararfinn*, í tengslum við verkefnið og fundur helstu þátttakenda í verkefninu á Skriðuklaustri dagana 16.–18. apríl.

Dagana 23.–25. maí 2018 var fulltrúi Minjastofnunar Íslands viðstaddur ráðstefnu í Lissabon um FARO-samning Evrópuráðsins um samfélagslegt gildi menningarminja. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni var „The Faro Convention and Regeneration of Communities“. Á ráðstefnunni voru kynnt ýmis samfélagsleg verkefni fyrir þátttakendum á vegum íbúa Mouraria-hverfisins, sem spratt upp á 12. öld sem íbúasvæði Mára þegar fyrsti portúgalski kóngurinn gerði þá útlæga frá Lissabon, í viðleitni þeirra til að sporna m.a. við neikvæðum áhrifum ferðamannastraumsins á svæðinu og halda í menningarleg einkenni og hefðir svæðisins. Það er einmitt inntak FARO-samþykktarinnar að virkja almenning til að taka menningararfinn í sínar hendur og halda honum á lofti.

9. Minjasvæðin

9.1 Reykjavík og nágrenni



*Steinbryggjan í
Reykjavík kemur í
ljós undir
Pósthússtræti.*

Á árinu var gerð breyting á mörkum minjasvæðisins og undir það falla nú sveitarfélögin Seltjarnarnes, Reykjavík, Kópavogur, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Garðabær og Hafnarfjörður tilheyra í kjölfar breytingarinnar minjasvæði Reykjaness.

Verkefni ársins voru fjölbreytt að vanda og þau helstu snerust um að veita umsagnir um breytingar á húsum og mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar og skipulagsmál. Á minjasvæðinu fóru fram ný fornléifarannsóknir, flestar þeirra vegna framkvæmda. Við endurnýjun Pósthússtrætis norðan Tryggvagötu milli Tollhússins og nýbygginga við Hafnartorg var grafin fram hin gamla bæjarbryggja. Reykjavíkurborg tók ákvörðun um að hún skyldi verða gerð sýnileg og gengið þannig frá umhverfi hennar að almenningur ætti aðgang að henni. Jafnframt var ákveðið að breyta nafni Pósthússtrætis norðan Tryggvagötu, og heitir gatan nú Steinbryggja. Þá fór fram fornleifauppgröftur í grunni hússins Hafnarstræti 18 sem verður endurbyggt.

Framkvæmdir við nýbyggingar á Landsímareit hófust á árinu og hafa þær framkvæmdir mikil áhrif á Víkurgarð, gamla kirkjugarðinn við Aðalstræti. Undirbúningur að friðlýsingu garðsins var hafinn á árinu og tillaga að friðlýsingu send mennta- og menningarmálaráðherra í lok árs. Jafnframt var hafinn

undirbúningur að hugmyndasamkeppni um að gera sögulegt hlutverk garðsins sýnilegra, og stefnt er að því að halda hana árið 2020 í samstarfi Minjastofnunar og Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg vann áfram að undirbúningi þess að flytja starfsemi Björgunar í Álfnesvík. Borgarsögusafn lauk fornleifaskráningu á svæðinu og fornleifakönnun neðansjávar fór einnig fram. Minjastofnun hefur frá upphafi bent á að á svæðinu sé að finna merkar minjar um verslunarstað við Þerneyjar-sund og mælt til þess að starfseminni yrði fundinn annar staður.

Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis hélt tvo fundi á árinu, þann fyrri á Seltjarnarnesi í júní þar sem Nesstofa og Ljósastarahúsið voru skoðuð og þann síðari í Hafnarfirði í nóvember.

9.2 Reykjanes



*Veggmynd í gömlu
flugstöðinni á
Keflavíkurflugvelli,
en hún var rifin
árið 2018. Eftir að
Leifsstöð var tekin í
notkun árið 1987
var gamla stöðin
áfram nýtt fyrir
starfsemi
Bandaríkjahers.*

Mörkum minjasvæðisins var breytt á árinu þannig að auk Suðurnesja nær minjasvæðið nú einnig yfir Hafnarfjörð og Garðabæ.

Flest afgreiðslumál voru býsna hefðbundin en þó má nefna hér einhver sem hafa nokkra sérstöðu. Seint á árinu 2017 kom til umsagnar málefni gömlu Sundhallar Keflavíkur sem byggð var eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar og Bárðar Ísleifssonar hjá húsameistara ríkisins. Breyta átti deiliskipulagi á lóð hennar sem gerði ráð fyrir að hún viki. Eftir að deiliskipulagsbreytingin fór í kynningu og almenningi varð ljóst að sundhöllin ætti að víkja varð til hreyfing í samfélaginu sem vildi vinna að varðveislu þessa húss og finna því nýtt hlutverk. Um þetta mál var tekist langt fram á sumar og kom til álita að friðlýsa húsið. Málið vakti áhuga fjölmiðla og var töluvert um það fjallað. Þrátt fyrir að húsið teldist hafa hátt varðveislugildi taldi Minjastofnun sér á endanum ekki fært, í ljósi aðstæðna, að leggja fram tillögu að friðlýsingu þess við mennta- og menningarmálaráðherra. Annað mál sem vert er að nefna og tók nokkurn tíma og athygli minjavarðar á árinu, voru framkvæmdir við heimreið á Bessastöðum, en til stóð að breikka hana nokkuð. Þar hófust framkvæmdir án þess að málið kæmi til umsagnar

stofnunarinnar. Fékk minjavörður ábendingu um að komið hefði verið niður á minjar þar í vegkantinum og fór hann á vettvang til að kanna aðstæður. Var um að ræða umtalsverðar minjar frá mismunandi tímum, allt aftur á landnám. Voru þær dreifðar meðfram veginum á um 250 metra kafla. Voru framkvæmdir stöðvaðar og fornleifafræðingar fengnir til að gera nauðsynlegar rannsóknir. Stóð sú rannsókn, með litlum hléum, í um þrjá mánuði á haustdögum.

Minjastofnun hefur átt gott og farsælt samstarf við ýmsa sem láta sig minjamál varða. Sem dæmi má sérstaklega nefna sögu- og minjafélögin á svæðinu, bæði í Grindavík og í Vogum, sem hvort um sig eru öflug áhugamannafélög um málaflokkinn í sinni heimabyggð. Slíkir bakhjarlar eru ómetanlegir fyrir minjavörsluna. Stríðs- og herminjar er mikilvægur minjaflokkur á Suðurnesjum og hefur verið reynt að vekja sérstaka athygli á málefnum yngri minja, þ.e. þeirra sem falla ekki undir friðunarákvæði laga, og hvernig beri að standa að varðveislu þeirra.

Sótt var í sjóði til skráningar herminja og fengust styrkir til að skrá þær bæði á Miðnesheiði og á Pattersonflugvelli. Minjavörður hefur einnig leitast við að kynna málefni minjavörslunnar með fyrirlestrum og leiðsögnum og má nefna vel sótta gönguferð sem minjavörður fór í fallegu sumarveðri í Húshólma, en það var partur af gönguleiðasýrpu Reykjanes Geopark sem haldið hefur verið úti undanfarin ár.

Lítið fór fyrir fornleifarannsóknum á árinu, en nefna má rannsókn Bjarna F. Einarssonar á gamla Keflavíkurbænum, sem eru friðlýstar minjar. Er sú vinna á vegum Byggðasafns Reykjanesbæjar. Markmiðið er að kanna umfang og varðveislu gamla bæjarins til að meta möguleika þess að fá fram útlínur hans og gera hann aðgengilegan almenningi. Reikna má með að framhald verði á þeim rannsóknum næstu árin.

Síðasti fundur sitjandi minjaráðs Reykjanes fór fram í Vogum í október, en frá því að ráðið tók til starfa fyrir fjórum árum hefur kvarnast nokkuð úr því. Farið var yfir reynslu síðustu ára og hvað mætti bæta í starfsemi minjaráðanna. Voru fundarmenn almennt sammála um að fundir þess væru of strjálir og þyrfti að fjölga þeim. Einnig hafa verið til umræðu hvaða staðir á Reykjanesi ættu erindi á tillögulista fyrir landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, en aðeins Krýsuvík og uppgraftarsvæðið í Höfnum er nú á listanum. Ljóst er að gera þarf betur og mun minjavörður safna nýjum tillögum og koma á framfæri.

9.3 Vesturland



*Minjavörður
Vesturlands,
Magnús A.
Sigurðsson, skoðar
friðlýstar minjar í
Vígishelli.*

Árið var frekar hefðbundið fyrir utan mikla aukningu á skipulagsmálum, en aldrei hefur verið eins mikið um framkvæmda- og skipulagsmál á Vesturlandi. Eins hefur orðið aukning á að RARIK setji lagnir í jörð. Ekki var mikið um uppgrefti á Vesturlandi.

Minjastofnun Íslands fékk þrjá styrki til verkefna á Vesturlandi úr landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2020, þ.e. fyrir Snorralaug, Gömlu Brekkurétt við Grábrók, og Surtshelli. Í kjölfarið voru tekin borsýni til að kanna eðli og umfang minja umhverfis Snorralaug. Einnig var stokkurinn að lauginni lagaður og hreinsaður. Gamla Brekkurétt var mæld upp og farið með hönnuði og samstarfsaðila í vettvangsferð að henni. Einnig var Surtshellir heimsóttur til að kanna aðstæður þar.

Minjavörður tók þátt í tveimur áhugaverðum málþingum á minjasvæðinu: Sturluhátíð í Saurbæ og ráðstefnu Adapt Northern Heritage sem endaði með vettvangsferð og málþingi á Malarriði á Snæfellsnesi.

Tveir óvæntir minjastaðir voru athugaðir og mældir upp. Annars vegar áður óþekktar minjar við Hreðavatn og hins vegar mögulegar minjar um Þorleifsstaði í Haukadal. Farin var vettvangsferð út í Svefneyjar með sérfræðingum til að athuga ástand Ranakofa og gera áætlanir um viðhald hans. Teknar voru út framkvæmdir við Silfurgarðinn í Flatey vegna upptöku á sjónvarpsþáttaröðinni Flateyjargátu.

Friðlýstur minjastaður, Laugarbrekka á Snæfellsnesi, var skemmdur við lagningu ljósleiðara sem lagður var í gegnum minjasvæðið án nokkurs samráðs við Minjastofnun Íslands.

Haldnir voru tveir fundir hjá minjaráði Vesturlands, annars vegar í Borgarnesi í maí og hins vegar á Bifröst í nóvember.

9.4 Vestfirðir



*Hér sést
minjavörður
Norðurlands
eystra, Rúnar
Leifsson, feta sig
áfram við
suðursporð
Drangajökuls, en
þangað var farið til
að kanna fornleifar
sem eru að koma í
ljós undan jökli.*

Á minjasvæði Vestfjarða er sem stendur enginn minjavörður og var verkefnum á svæðinu skipt á milli minjavarðar Vesturlands og minjavarðar Norðurlands vestra framan af ári, auk þess sem Sigurður Bergsteinsson, verkefnastjóri, sinnti stórum hluta mála í landshlutanum framan af ári. Í lok árs tók svo Inga Sóley Kristjónudóttir, verkefnastjóri, við flestum verkefnum á norðanverðum Vestfjörðum. Verkefnin á Vestfjörðum voru flest með hefðbundnu sniði, meginþorri þeirra tengdur skipulagsmálum og framkvæmdum annars vegar og viðgerðum og/eða breytingum á gömlum húsum hins vegar. Nokkur erindi bárust einnig frá áhugasömum einstaklingum sem vildu gera menningarminjum í sínu nærumhverfi hærra undir höfði auk þess sem lögð voru drög að því, að frumkvæði heimamanna, að setja upp sjóvarnir við Láganúpsver í Kollsvík í gamla Rauðasandshreppi.

Þess má geta að Kollsvíkingar með Valdimar Össurarson í fararbroddi hlutu viðurkenningu Minjastofnunar fyrir varðveislu og miðlun menningararfs í Kollsvík á aðalfundi stofnunarinnar í nóvember.

Alls voru veitt leyfi til 15 fornleifarannsókna á minjasvæðinu, þar af til níu vísindarannsókna, eitt til framkvæmdarannsóknar og fimm til framkvæmdaeftirlits. Af helstu fornleifarannsóknum á minjasvæðinu má nefna verkefni Steinunnar Kristjánsdóttur „Dysjar hinna dæmdu“ sem nær reyndar yfir landið allt, en þrír staðir voru rannsakaðir í tengslum við það verkefni á árinu 2018; Hagi og Vaðall á Barðaströnd og Miklidalur í Patreksfirði. Þá var grafið á fjórum stöðum í tengslum við rannsóknarverkefni undir stjórn Ragnars Edvardssonar sem ber nafnið „Verslun og hvalveiðar Hollendinga á 17. og 18. öld“: á Kirkjubóli, Tjaldanesi, Bauluhúsi og Hrafnseyri. Þá fóru fram rannsóknir í Sandvík í Kaldrananeshreppi undir stjórn Lísabetar Guðmundsdóttur, þar sem minjar eru á leið í sjó, sem og á Auðkúlu í Arnarfirði undir stjórn Margrétar Hallmundsdóttur, en sá uppgjöftur er hluti af verkefninu „Arnarfjörður á miðöldum“ sem hefur verið í gangi síðan 2011.

Minjaráð Vestfjarða kom saman á Hólmavík í janúar.

9.5 Norðurland vestra



*Geldingaholt í
Skagafirði,
torfbygging tekin
niður og viðir færðir
til varðveislu hjá
Þjóðminjasafninu árið
2017 og
fornleifarannsókn
gerð á reitnum árið
2018 í samstarfi við
Byggðasafn
Skagfirðinga.*

Á Norðurlandi vestra var líkt og fyrri ár að ýmsu að huga á sviði minjaverndar. Fyrst og fremst voru það skipulagsmál og framkvæmdatengd verkefni sem rötuðu inn á borð minjavarðar en einnig erindi frá áhugasömu fólki sem ýmist lét vita af minjum í hættu eða vildi leita leiða til að gera gömlum húsum eða minjum í nærumhverfi sínu hærra undir höfði. Það er ómetanlegt í minjavörslunni að finna fyrir áhuga fólks og umhyggju fyrir sögu sinni og menningararfi og mikill stuðningur við störf minjavarða.

Alls voru veitt leyfi til ný fornleifarannsókna á minjasvæðinu, þar af tveggja vegna framkvæmda en hinar sjö voru vísindarannsóknir. Af þeim helstu má nefna: Rannsókn Steinunnar Kristjánsdóttur á Þingeyrum sem er hluti af svonefndu Þingeyraverkefni sem snýr að rannsókn á gamla klausturstaðnum á Þingeyrum. Þá var áframhald á rannsókn Byggðasafns Skagfirðinga undir stjórn Guðnýjar Zoëga í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar og fólst það fyrst og fremst í aldursgreiningu byggðar með hjálp borkjarna. Einnig var framhald á samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga og háskóla Massachusettsfylkis í Boston í Bandaríkjunum sem snýr að viðtækri fornleifafræðilegri rannsókn á fornbyggð í Hegranesi í Skagafirði. Voru í því skyni grafnir profuskurðir á 14 jörðum og borkjarnar teknir á 13 jörðum. Meðal þess sem kom í ljós við þessar rannsóknir var áður óstaðfestur kirkjugarður á jörðinni Utanverðunesi.

Í nóvember 2016 brann gamalt íbúðarhús á jörðinni Geldingaholti í Skagafirði. Húsið sem var byggt árið 1931 var sambyggt eldri torfbæ sem búið var að rífa að hluta. Eftir stóðu leifar baðstofu, ásamt skemmu og eldhúsi. Heimilað var árið 2017 að rífa baðstofuna til að rýma fyrir nýbyggingu sem til stóð að reisa í stað gamla hússins. Það sem eftir stóð af gamla torfbænum var vandlega skráð og húsið tekið niður, og viðir þess fluttir til varðveislu í geymslu Þjóðminjasafnsins

á Víðimýri. Í kjölfarið sá minjavörður Norðurlands vestra um fornleifarannsókn á fyrirhuguðum byggingarreit árið 2018 í samstarfi við Byggðasafn Skagfirðinga. Minjaráð Norðurlands vestra kom saman tvisvar á árinu, sem var jafnframt síðasta starfsár þessa ráðs sem skipað var til 4 ára. Fráfarandi fulltrúum er þakkað fyrir gott samstarf á liðnum árum og ánægjuleg kynni.

9.6 Norðurland eystra



*Bárðarbás á Höfða
við Mývatn.*

Árið 2018 var nokkuð hefðbundið hvað varðar minjavörslu á Norðurlandi eystra og að sama skapi fjölbreytt að vanda. Stærstu málin snerust flest um skipulag og framkvæmdir af ýmsu tagi en einnig sinnti minjavörður ýmsum málum sem sneru að viðhaldi og björgun menningarminja, lausafundum, rannsóknum og veitti leiðbeiningar til stofnana og almennings. Því miður var jafnframt eitthvað um skemmdir á menningarminjum.

Hleypt hefur verið af stokkunum verkefni hjá Minjastofnun á sviði svokallaðrar jöklafornleifafræði sem snýr að því að bjarga fornleifum sem koma í ljós þegar fornar fannir bráðna. Á Norðurlandi eystra eru einhverjar ákjósanlegustu aðstæður landsins til rannsókna sem þessara. Áður hafa fundist síðmiðaldavopn í Grísatungufjöllum suður af Tjörnesi en í ár komu í ljós leifar þriggja hrossa á þremur mismunandi stöðum hátt á Heljardalsheiði sem eru að bráðna úr fönnum. Hrossin kunna að vera forn og er sýni úr einu þeirra nú í kolefnisgreiningu.

Skógræktarmál voru tekin föstum tókum á árinu. Að höfðu samráði við skipulagsfulltrúa voru ekki gefin út framkvæmdaleyfi nema fyrir lægi umsögn Minjastofnunar. Verklag var þróað við vinnslu skógræktarmála á Norðurlandi eystra, skilaði það sér í nýjar leiðbeiningar Minjastofnunar sem bera heitið „Skógrækt og fornleifar“ og munu nýtast um land allt á komandi árum.

Af skemmdum á menningarminjum er helst að nefna fornan kirkjugarð á Syðri-Leikskálaá í Útkinn sem varð fyrir raski þegar tekinn var grunnur fyrir nýja vélaskemmu á jörðinni. Heimildir eru um bænhus á staðnum á miðöldum. Málið hafði ekki enn borist Minjastofnun til umsagnar þegar undirbúningur hófst við

jarðvegsvinnu, en ábúendur höfðu samband við minjavörð þegar mannabein komu í ljós. Hinni fyrirhuguðu vélaskemmu var hnikað til og teikningum breytt m.t.t. lagna. Minjavörður skráði sýnilegar minjar, en líkur eru á að meginhluti kirkjugarðsins sem og leifar bænhússins sjálfs hafi ekki raskast.

Árið 2018 var síðasta starfsár fyrsta minjaráðs Norðurlands eystra en nýtt ráð tók til starfa 2019. Reynsla minjaráðsfulltrúa af setu sinni undanfarin fjögur ár var rædd á síðasta minjaráðsfundinum í desember 2018 og hafa þær umræður þegar verið nýttar til að þróa starf næsta minjaráðs og gefa vinnu þess aukna vigt.

9.7 Austurland



Aðstæður til rannsókna geta verið misjafnar. Hér má sjá dr. Hildi Gestsdóttur, fornleifafræðing hjá Fornleifastofnun Íslands ses., við rannsókn í Skriðdal sem fram fór vegna vegagerðar.

Verkefni á árinu voru af ýmsum toga eins og fyrri ár og var minjavörður á faraldsfæti vítt og breitt um hið víðfeðma svæði sem minjasvæði Austurlands er. Skipulagsmálin taka mikið af tíma minjavarðar eins og fyrr en framkvæmdaglegðin ríkir enn á Austurlandi.

Tilkynningar til minjavarðar varðandi gripafundi voru nokkrar á árinu. Minjavörður hélt meðal annars inn í Skriðdal vegna axar sem þar hafði fundist við framkvæmdir einhverjum árum áður. Bændur þar á bæ vildu koma exinni í góða vörslu og aðstoðaði minjavörður þá við að koma henni í öruggar hendur forvarða hjá Þjóðminjasafni Íslands. Aðrar tilkynningar á árinu sneru t.d. að mögulegum fundi á rúnasteini í Vopnafirði og broti úr skipi í Seyðisfirði. Mikilvægt er að tilkynningar um slíka fundi berist Minjastofnun þar sem þeir geta verið hluti af stærri fornleifafundi auk þess sem mikilvægt er að koma þeim í forvörslu. Minjasvæðið var þó ekki laust við leiðinlegar fréttir en í október bárust fregnir af bruna á Seyðisfirði, en þar hafði kviknað í Litla-Wathneshúsi. Húsið

sem var reist árið 1893 hafði mikið menningarsögulegt gildi og var illa leikið eftir eldinn. Mildi er þó að eldurinn hafi ekki borist í nærliggjandi hús og valdið frekari skaða, en töluvert er af eldri húsum á svæðinu.

Ein vísindarannsókn fór fram á árinu á Austurlandi, var þar um að ræða áframhaldandi rannsókn á Stöð í Stöðvarfirði en þar vinnur Fornleifafræðistofan að rannsókn á fornum skála. Aðrar rannsóknir voru einnig gerðar í tengslum við framkvæmdir, eins og vegna vegagerðar eða lagnaframkvæmda.

Minjaráð fundaði einu sinni á árinu, í desember. Fundað var á Seyðisfirði og rætt um innviðaupbygginu, smáforrit fyrir snjallsíma og farið yfir starfsemi minjaráðsins þar sem um var að ræða síðasta fund þessa ráðs.

9.8 Suðurland



Nýtt skilti var sett upp við Stöng í Þjórsárdal á árinu. Minjastofnun hefur á síðustu árum unnið að þróun skilta fyrir stofnunina og er Stangarskiltið hið fyrsta af þeirri gerð sem sett er upp.

Árið 2018 var gott ár á Suðurlandi. Að venju var nóg að gera í skipulagsmálum en Kristinn Magnússon verkefnisstjóri hjá Minjastofnun sér að mestu leyti um þá vinnu. Eins og síðastliðin ár hefur ljósleiðaravæðing sveitanna haldið áfram og hafa verið nokkur handtök við það. Fornleifaskráningu var fram haldið í nokkrum sveitarfélögum á Suðurlandi og er það geysilega jákvætt að sveitarfélög skuli sjá sér hag í að láta skrá allar fornleifar innan sinna vébanda því það auðveldar alla skipulagsvinnu fyrir utan að vera gullkista menningar- og búsetusögu.

Fornleifarannsóknir voru ekki umfangsmiklar þetta sumarið en þó var grafið á nokkrum stöðum. Stærsta rannsóknin var í Arfabót á Mýrdalssandi en einnig var

grafinn skurður uppi á Seljalandsheiði undir Eyjafjöllum. Tóft á Hvolsvelli var rannsökuð og grafnir voru prufuskurðir í Vorsabæ við Hveragerði. Mestu fréttirnar eru þó þær að við fornleifaskráningu í Þjórsárdal fannst nýtt bæjarstæði sem nefnt var eftir finnandanum Bergi Þór Björnssyni, Bergsstaðir. Auk þess fannst að öllum líkindum Nautahellir í Odda en það er manngerður hellir sem talinn er hafa fallið saman árið 1199. Eru það stórtíðindi og mun áframhaldandi rannsókn á hellinum vonandi gefa innsýn í leyndardóminn sem manngerðir hellar á Suðurlandi eru.

Að venju var nemendauppgröftur í Skálholti að hausti þar sem nýnemum í fornleifafræðideild Háskóla Íslands gafst kostur á að kynna aðferðum fornleifafræðinnar á vettvangi. Áfram var unnið að standsetningu minjastaða á Suðurlandi fyrir atbeina landsáætlunar um innviðauppbýggingu á landsvísu. Dæmi um vinnu við viðhald minjastaða eru Ægissíðuhellar á Hellu. Þar hefur verið unnið mikið og gott starf á árinu og mun sú vinna halda áfram til 2020.

Undir lok árs kviknaði sú hugmynd að friðlýsa búsetulandslag í Þjórsárdal öllum og er vinna við þá friðlýsingu í fullum gangi. Stefnt var á að hún tæki gildi um mitt ár 2019.

Síðasti fundur fyrsta minjaráðs Suðurlands var haldinn á Selfossi og er minjaráðsfulltrúum þakkað gott starf í minjaráðinu.

10. Úthlutanir úr sjóðum

Úrvinnsla umsókna í fornminjasjóð og húsafriðunarsjóð fór fram í byrjun árs og var tilkynnt um úthlutanir úr húsafriðunarsjóði 16. mars og úr fornminjasjóði 4. apríl.

10.1 Fornminjasjóður

Vegna styrkúthlutunar árið 2018 var auglýst eftir umsóknum 15. nóvember 2017 og rann umsóknarfrestur út 10. janúar 2018. Auglýst var í dagblöðum, á heimasíðu og Facebook-síðu stofnunarinnar. Sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 77 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2018, 20 styrkir voru veittir. Sótt var um samtals 213.000.000 kr. en til úthlutunar að þessu sinni voru 45.670.000 kr.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir fornminjanefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 10.1 Úthlutanir úr fornminjasjóði. Fjárhæðir í þús. króna

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fornleifarannsóknir (uppgröftur /skráning)	Miðlun upplýsinga	Varðveisla og viðhald fornminja	Viðhald annarra menningarminja	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	5	2	4.860	0	0	0	4.860
Reykjanes	2	1	680	0	0	0	680
Vesturland	7	2	4.755	0	0	0	4.755
Vestfirðir	17	2	3.000	0	700	0	3.700
Norðurland vestra	4	3	8.300	0	0	0	8.300
Norðurland eystra	9	1	2.700	0	0	0	2.700
Austurland	6	1	3.000	0	0	0	3.000
Suðurland	11	5	11.915	0	0	0	11.915
	61	17	39.210	0	700	0	39.910
Fornleifarannsóknir (á landsvísi)	9	2					4.700
Miðlun upplýsinga (ekki staðbundið)	3	1					1.060
Varðveisla/viðhald (ekki staðbundið)	0	0					0
Rannsóknir á forngripum	4	0					0
	16	3					
SAMTALS	77	20					45.670

10.2 Húsafriðunarsjóður

Tekjur húsafriðunarsjóðs eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins í upphafi árs.

Árið 2018 nam framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 52.287.000 kr. en framlag ríkissjóðs á fjárlögum var 222.200.000 kr. að meðtalinni heimild til fjárfestinga. Að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári, niðurfelldra styrkja á árinu vegna fyrri úthlutana, áætlaðs kostnaðar við starfsemi húsafriðunarnefndar á árinu og varasjóðs sem þarf að vera til staðar svo bregðast megi við umsóknum



um styrki í neyðartilvikum sem geta komið upp innan ársins, voru til úthlutunar í styrki árið 2018 kr. 343.131.500.

Við úthlutun styrkja árið 2018 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af forsætisráðherra 9. júní 2016 (nr. 577/2016).

Auglýst var eftir umsóknum vegna styrkúthlutunar 2018 þann 13. október 2017 og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2017. Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um land allt. Auk þess var auglýsingin birt í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaðinu. Sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands.

Alls bárust 252 umsóknir um styrki úr húsafríðunarsjóði, en veittir voru 215 styrkir. Samtals var sótt um rúmlega 775 millj. króna. Þar af voru 7 umsóknir um styrki til vinna tillögur um verndarsvæði í byggð, en veittir voru 4 slíkir styrkir.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir húsafríðunarnefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn, þar sem m.a. er lagt mat á varðveislugildi mannvirkis, gæði umsóknar, mikilvægi verkefnis og framlag umsækjanda. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 10.2 Fjárhæðir í þús. króna

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fríðlýstar kirkjur	Fríðlýst hús	Fríðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS STYRKIR
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	60	46	4.700	26.700	30.500	4.200	66.100
Vesturland	13	9	1.000	2.800	4.000	900	8.700
Vestfirðir	50	45	17.400	15.700	24.200	6.900	64.200
Norðurland	36	34	14.700	7.500	30.250	2.100	54.550
Austurland	49	45	15.450	12.900	28.250	6.700	63.300
Suðurland	26	22	24.500	9.000	16.650	1.500	51.650
	234	201	77.750	74.600	133.850	22.300	308.500
Byggða- og húsakannanir	6	6					5.200
Rannsóknir og önnur verkefni	5	4					4.350
Verndarsvæði í byggð	7	4					25.081
SAMTALS	252	215					343.131

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2018 úr fornminja- og húsafríðunarsjóði má finna undir liðnum sjóðir á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

